

Jólaleikhús Guðrúnar



Guðrún Sverrisdóttir. Ljósmynd Anton Brink.

Árið 1951 var *Gullna hliðið* eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi sýnt í Þjóðleikhúsinu. Ég var 8 ára gömul og var að fara í fyrsta sinn í leikhús og varð algjörlega hugfangin og heilluð af stund og stað. Ég sat á fremsta bekk á efri svölum ásamt bróður mínum og föður og ég spurði feimnislega hvort að það væri svona í himnaríki. Ég hafði

aldrei séð annað eins; ljósadýrðin, sviðið, gryfjan, grímurnar á sætunum, rauða tjaldið og stuðlabergið í loftinu.

Arndís Björnsdóttir lék Kerlinguna, Brynjólfur Jóhannesson lék Jón bónda, Valur Gíslason lék Lykla-Pétur og Lárus Pálsson lék Skrattann. Ég sat sem dáleidd og lifði mig gjörsamlega inn í leikhúsverkið. Ég stóð upp í miðri sýningu og hrópaði til Kerlingar sem stóð fyrir framan *Gullna hliðið* með skjóðuna í hendi: „Skrattinn er að koma!! Skrattinn er að koma!!“ Ég roðna enn þann dag í dag þegar ég hugsa til þessa atviks.



Gullna hliðið í Þjóðleikhúsinu 1951.

Leikarar þessara ára urðu þjóðþekktir í öllum landshornum gegnum útvarpsleikritin. Laugardagsleikritin voru fastur liður í tilverunni. Ég sem barn þekkti rödd hvers einasta leikara og urðu þeir eins konar heimilisvinir mínir.



Valur Gíslason og Þorsteinn Ö. Stephensen í útvarpssal.

Ég vann í áratugi á slysa-og endurkomudeild Borgarspítalans. Úr gips- og kassaafgöngum bjó ég til jólahús úr gipsi semsýntvarum hverjól. Starfsfólkdeildarinnar bjó ég til úr pípuhreinsum, saumaði, prjónaði og merkti með nafni hvers og eins.

Ég var lengi búin að horfa á *Iðnó* sem afskaplega „gipsvænt“ hús, sem yrði mjög fallett í jólabúningi. Í fyrstu ætlaði ég að búa til fáeina leikara til að stilla upp og prýða *Iðnó*, þó sérstaklega vildi ég heiðra brautryðjendur leiklistar á Íslandi, þ.e. frá aldamótunum 1900. Að lokum fór það svo að leikararnir, „vinir mínir“ úr útvarpinu urðu til og röðuðu sér allt í kringum *Iðnó* þótt einhverja vanti svo og yngri árganga leikara.



Teikning eftir Halldór Pétursson af leikurum í *Gullna hliðinu* í Þjóðleikhúsinu 1951.

Það má segja að ég sé að þakka fyrir mig. Þakka leikurunum fyrir góðu stundirnar á laugardagskvöldum barnæsku minnar.

Guðrún Sverrisdóttir

Leiksýningar í Iðnó



Starfsfólk Leikfélags Reykjavíkur haustið 1968

Iðnó var reist af Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur á uppfyllingu út í Tjörnnina árið 1896 og tekið í notkun árið eftir. Föru fyrstu leiksýningar þar fram í febrúar 1897 og var það Thorvaldsensfélagið sem stóð fyrir þeim. Salurinn vakti almenna hrifningu og skrifaði ritstjóri *Ísafoldar* eftir fyrstu heimsóknina þangað: „Húsnæðið er miklu betra til slíkra hluta en kostur hefir hjer verið á áður, einkum leiksviðið langt um stærra og fullkomnara; anddyri og aðrar vistarverur í húsinu einnig miklu rýmri og þægilegri. Og þar á ofan ljeku fleiri ýmist vel eða sæmilega heldur en ella gerist hjer af viðvaningum, bæði valist til í þetta sinn færara fólk yfirleitt og undirbúningur rækilegri.“

Iðnó var fyrst og fremst hugsað sem almennt samkomuhús Reykvíkinga og var rekið þannig langt fram yfir miðja síðustu öld. Það var frá upphafi starfsvettvangur Leikfélags Reykjavíkur, sem var stofnað 11. janúar 1897. Með tilkomu Leikfélagsins var brotið blað í íslenskrí leiklistarsögu: félagið hélt uppi reglubundinni starfsemi og frumsýndi jafnan nokkur ný verk á hverjum vetri. Þá myndaðist þar vísir að föstum leikflokki, hópur fólks sem tók leiklistina mjög alvarlega, helgaði henni krafta sína eftir mætti og stefndi að því að undirbúa jarðveginn fyrir fullgilt atvinnuleikhús.



Fyrsta húsbýggingarsjóðsskemmtunin í Austurbæjarblóí haustið 1967.



Árið 1950 tók Þjóðleikhúsið til starfa. Þangað réðust þá langflestir burðarleikarar Leikfélagsins og þótti þá mörgum sjálfsagt að leggja félagið niður. Úr því varð þó ekki. Margt yngra fólk var að koma heim úr leiklistarnámi erlendis um þessar mundir og ljóst að það gæti ekki allt treyst á vinnu hjá Þjóðleikhúsinu. Þetta fólk sameinaðist þeim af eldri leikendum, sem ekki urðu fastir starfsmenn Þjóðleikhússins, svo úr varð öflugur leikflokkur sem gat veitt hinu nýja Þjóðleikhúsi harða samkeppni, eins þótt félagið gæti ekki boðið leikendum sömu kjör og ríkisstofnunin. Snemma á sjöunda áratugnum tókust svo samningar við Reykjavíkurborg sem gerðu félaginu kleift að ráða til sín nokkra leikendur í fast starf. Þar með varð Leikfélagið að atvinnuleikhúsi sem það hefur verið alla tíð síðan. Félagið flutti árið 1989 í Borgarleikhúsið við Listabraut þar sem það starfar nú.

Leikhúsgestir í Iðnó.



Jólafrumsýningar í Iðnó

Helstu jólafrumsýningar LR í Iðnó frá 1904 þar til Þjóðleikhúsið tekur við og LR hættir að frumsýna á annan í júlum (með undantekningunni 1951/52, þá voru tvær frumsýningar í hófuðstaðnum á júlum).

John Storm

Höfundur: Hall Caine
Frumsýning: 26. desember 1904

Um megn

Höfundur: Björnstjerne Björnson
Frumsýning: 26. desember 1905

Kamelíufráin

Höfundur: Alexander Dumas
Frumsýning: 26. desember 1906

Nýársnóttin

Höfundur: Indriði Einarsson
Frumsýning: 26. desember 1907

Bóndinn á Hrauni

Höfundur: Jóhann Sigurjónsson
Frumsýning: 26. desember 1908

Stúlkan frá Tungu

Höfundur: Indriði Einarsson
Frumsýning: 26. desember 1909

Kinnarholvsystur

Höfundur: C. Hauch
Frumsýning: 26. desember 1910

Fjalla-Eyvindur

Höfundur: Jóhann Sigurjónsson
Frumsýning: 26. desember 1911

Álfhóll

Höfundur: Johan Ludvig Heiberg
Frumsýning: 26. desember 1912

Lénharður fógeti

Höfundur: Einar H. Kvaran
Frumsýning: 26. desember 1913



Galdra-Loftur

Höfundur: Jóhann Sigurjónsson
Frumsýning: 26. desember 1914

Hadda Padda

Höfundur: Guðmundur Kamban
Frumsýning: 26. desember 1915

Konungsgliman

Höfundur: Guðmundur Kamban
Frumsýning: 26. desember 1917

Lénharður fógeti

Höfundur: Einar H. Kvaran
Frumsýning: 26. desember 1918

Heimkoman

Höfundur: Hermann Sudermann
Frumsýning: 26. desember 1920

Himnaför Hönnu litlu

Höfundur: Gerhard Hauptmann
Frumsýning: 26. desember 1922

Alt-Heidelberg

Höfundur: Wilhelm Meyer-Förster
Frumsýning: 26. desember 1923

Skálholt

Höfundur: Guðmundur Kamban
Frumsýning: 26. desember 1945



Veislan á Sólhaugum

Höfundur: Henrik Ibsen
Frumsýning: 26. desember 1924

Dansinn í Hruna

Höfundur: Indriði Einarsson
Frumsýning: 26. desember 1925

Vetrarævintýri

Höfundur: William Shakespeare
Frumsýning: 26. desember 1926

Skuggsjá

Höfundur: Sutton Vane
Frumsýning: 26. desember 1927

Nýársnóttin

Höfundur: Indriði Einarsson
Frumsýning: 26. desember 1928

Flónið

Höfundur: Channing Pollock
Frumsýning: 26. desember 1929

Hrekkir Scapins

Höfundur: Molière
Frumsýning: 14. desember 1930

Lagleg stúlka gefins

Höfundur: Franz Cornelius & Ernst Neubach
Frumsýning: 26. desember 1931

Ævintýri á göngufar

Höfundur: J. C. Hostrup
Frumsýning: 26. desember 1932



Maður og kona

Höfundur: Jón Thoroddsen
Leikgerð: Emil Thoroddsen; Indriði Waage
Frumsýning: 26. desember 1933



Piltur og stúlka

Höfundur: Jón Thoroddsen
Leikgerð: Emil Thoroddsen
Frumsýning: 26. desember 1934

Í annað sinn

Höfundur: James Barrie
Frumsýning: 26. desember 1935

Kvenlæknirinn

Höfundur: P. G. Wodehouse
Frumsýning: 26. desember 1936

Liljur vallarins

Höfundur: John Hastings Turner
Frumsýning: 26. desember 1937

Fróða

Höfundur: Jóhann Frimann
Frumsýning: 26. desember 1938

Dauðinn nýtur lífsins

Höfundur: Alberto Casello
Frumsýning: 26. desember 1939

Hái-Þór

Höfundur: Maxwell Anderson
Frumsýning: 26. desember 1940



Gullna hlíðið

Höfundur: Davíð Stefánsson
Frumsýning: 26. desember 1941

Vopn guðanna

Höfundur: Davíð Stefánsson
Frumsýning: 26. desember 1943

Álfhóll

Höfundur: Johan Ludvig Heiberg
Frumsýning: 26. desember 1944

Ég man þá tíð

Höfundur: Eugene O'Neill
Frumsýning: 26. desember 1946

Bláa kápan

Höfundur: Hermann Feiner & Hardt Warden
og Walter & Willi Kollo
Frumsýning: 30. nóvember 1949



Marmari

Höfundur: Guðmundur Kamban
Frumsýning: 29. desember 1950



Pi-pa-ki eða Söngur látunnar

Höfundur: Ká-Tsö-Tsjeng
Frumsýning: 26. desember 1951
(*Gullna hlíðið* í Þjóðleikhúsi sama kvöld)

Ljósmyndir

Allar myndir utan þrjár eru í safni Leikfélags Reykjavíkur - Borgarskjalasafni Reykjavíkur / Ljósmyndarar: Guðmundur Ingólfsson, Óddur Ólafsson og eldri ljósmyndarar félagsins.

Gullna Hlíðið 1951: Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni / Þjóðleikhús / Ljósmyndari Vignir.

Mynd úr átvarpsal: Ljósmyndari óþekktur.

Mynd af Guðrínu Sverrisdóttur: Fréttablaðið / Anton Brink.

„Jólasveinarnir“ á bak við tjöldin



Brynjólfur Jóhannesson farðar sig fyrir hlutverk sitt sem Brassett í *Frænku Charleys* 1954.



Leikarar í *Frænku Charleys* 1954.



Sviðsmenn taka í spil.



Árni Tryggvason sem Fancourt Babberley í *Frænku Charleys* 1954. Hér er haldið upp á 40. sýninguna.



Leikarar og starfsfólk í *Galdra-Lofti* sem var frumsýnt 8. febrúar 1956.



Leikarar og starfsfólk í *Fló á skinni* sem var frumsýnt 29. desember 1972.

„Jólasveinarnir“ við leik og störf



Jólaleg mynd úr *Einu sinni á jólanótt* sem var frumsýnt 12. desember 1969.

Í kjallaranum í Iðnó var hvorki hátt til lofts né vítt til veggja en þar höfðust leikarar og annað starfsfólk við á sýningum. Menn reyndu að gera sér lífið bærilegra eftir langan vinnudag með því að hafa þokkalegt með kaffinu. Flestir leikarar sinntu að jafnaði öðrum störfum og þetta urðu oft langir dagar. Það tókast að halda upp á sýningar þegar þær náðu 40.-50. sýningu o.s.frv. með góðri tertu á vegum félagsins. Leikararnir áttu sér líka sína aðdáendur sem létu ekki sitt eftir liggja. Það voru einkum góðar konur sem víluðu ekki fyrir sér að mæta með kökur og kruðerí og slá upp veislu fyrir „stjórnunar sínar“ í hléi nokkrum sinnum á vetri. Þessar myndir sýna jólasveinana hennar Guðrúnar á góðum stundum þegar menn voru saddir og sælir.



Jón Sigurbjörnsson bjargaði máluðum þegar flæddi inn í kjallaranum.



Lárus Sigurbjörnsson stofnandi Árbæjarsafns og velunnari Leikfélags Reykjavíkur.



Leikarar og starfsfólk í *Hart í bak* sem var frumsýnt 11. nóvember 1962.



Magnús Pétursson stjórnar söngæfingu fyrir leikhúsbyggingarskemmtun.

Jólasveinasöngur

Úti er alltaf að snjó,
því komið er að jólunum,
og kólna fer í Pólunum.
En sussum og sussum og róa,
ekki gráta elskan mín,
þó þig vanti vítamín.
Ávexti eigum við nóga, -
handa litlu krökkunum,
sem kúra sig í brökkunum.
Þú færð í magann þinn mjóa
melónur og vínber fín.

Þótt kinnin þín litla sé kannski soldið
köld og blá,
áttu samt vini sem aldrei bregðast:
Af ávöxtunum skuluð þér nú þekkja þá.
Sussum og sussum og róa, -
ekki gráta elskan mín,
þó þig vanti vítamín.
Þú færð í magann þinn mjóa
melónur og vínber fín.



Deleríum Búbónis

Höfundar: Jónas og Jón Múli Árnasynir

Leikstjórn: Lárus Pálsson

Leikár: 1958/59

Frumskýning: 21. janúar 1959

Lögin úr þessu ástsæla leikriti voru gefin út á hljómplötu af Íslenskum tónum strax eftir frumsýningu og hljóma enn á öldum ljósvakans. Allir raula öðru hvoru "Einu sinni á ágústkvöldi" og söngur jólasveinanna fer gjarnan á kreik á aðventunni og þessir gömlu höfðingjar Brynjólfur og Karl spretta úr spori.



Jónas og Jón Múli Árnasynir ásamt Lárusi Pálssyni.



Karl Sigurdsson og Brynjólfur Jóhannesson í hlutverkum sínum sem jafnvægismálaráðherrann og Ægir Ó. Ægis.

Leikminjasafn Íslands 10 ára

Leikminjasafn Íslands var stofnað 9. mars 2003 og er því orðið tíu ára gamalt. Safnið var stofnað í þeim tilgangi að halda utan um leiklistarsögulegan arfbjóðarinnar: varðveita og skrá heimildir og minjar á þessu sviði, miðla upplýsingum og fróðleik um leiklist fyrri tíðar. Safnið hefur frá upphafi einnig lagt áherslu á skráningarstarf og má á heimasíðu þess, leikminjasafn.is, finna gagnabanka með upplýsingum um verkefni helstu leikhúsa og leiklistarmanna okkar.



Safn Haralds Björnssonar

Haraldur Björnsson hélt vandað úrklippusafn, geymði handrit, myndir og önnur gögn. Von hans var sú að safnið yrði síðar uppistaða í Íslensku leikminjasafni. Sonarsynir Haralds, Stefán og Haraldur Jónssynir, afhentu það Leikminjasafninu.



Sminkkassi

Arndísar Björnsdóttur

Sminkkassinn er gjaf frá Hérdisi Þorvaldsdóttur leik konu.



Brúða sem sýnir Alfred Andrésson leikara í hlutverki Khlestakovs í Eftirlitsmanni Gogols. Brúðuna gerði kona hans, Inga Þórðardóttir, sem var einnig þjóðkunn leikkona.



Teikning eftir Steinþór Sigurðsson úr *Útilegumönnunum*

Steinþór Sigurðsson (f. 1923) hefur verið einn helsti leikmyndateiknari okkar í áratugi. Leikminjasafnið varðveitir sviðsteikningar hans, flest vatnslitamyndir.



Sviðslíkan eftir Gunnar R. Bjarnason úr *Þrjónastofunni Sólinni*

Gunnar (1932-2002) gaf Leikminjasafninu mikið af gögnum úr sínum förum, þar á meðal nokkur vegleg sviðslíkon.



Silfurlampinn

Guðbjörg Þorbjarnardóttir fékk Silfurlampann, verðlaun leikdómara, fyrst íslenskra leikkvæna. Lampann hlaut hún fyrir tölkun sína á Elísu Gant í *Engill horfðu heim* árið 1961 og var Silfurlampi hennar meðal þess sem safnið fékk til eignar.



Sviðsteikning eftir Lothar Grund

Lothar Grund (1923-1995) var þýskur leikmyndateiknari sem starfaði hér á sjötta áratugnum, m.a. hjá Þjóðleikhúsinu. Hann var afar fær listamaður og gerði leikmyndir við allmargar sýningar. Þær sviðsmyndir, sem Leikminjasafnið hefur eignast frá honum, eru tvímælalaust meðal kjörgrípa þess.



Leikbrúður Jóns E. Guðmundssonar

voru afhentar Leikminjasafninu af börnunum Jóns, 2006.



Kistill úr sýningu Leiksmíðjunnar á *Galdra-Lofti*

Sýningar Leikminjasafns Íslands

Leikminjasafnið hefur á ferli sínum sett upp fjölmargar stórar sýningar. Má segja að sýningarnar hafi einkum verið tvenns konar; annars vegar um feril merkra leiklistarmanna, hins vegar um leikstarfið á einstökum stöðum utan Reykjavíkur. Safnið er landssafn, tekur ekki einungis til höfuðborgarinnar, þó að hún hafi vissulega verið hér í fararbroddi frá upphafi, heldur landsins alls, atvinnuleikhúss jafnt sem áhugamannafélaga. Þá hefur jafnan verið minnst aldarafmæla helstu frumherja atvinnuleiklistar með gerð minningarspjalda sem sett hafa verið upp í leikhúsunum og jafnframt má skoða á heimasíðu safnsins, *leikminjasafn.is*



1. **Laxness og leiklistin**
Sýning í lönó 13. 4.2002.



2. **Frumherji og fjöllistamaður**
– **Sigurður Guðmundsson**
Sýning í Safnahúsinu á Sauðárkróki 27. 4. 2003.



3. **Lárus Sigurbjörnsson**
– **safnafarir Reykjavíkinga**
Sýning í samstarfi fjögurra safna, í Árbæjarsafni, Borgarskjalasafni, Landsbókasafni og lönó 22. 5. 2003.



4. **Konunglegar mublur**
– **minningargjöf um hjónin Poul Reumert og Önnu Borg**
Sýning í Þjóðminjasafni 5. 11. 2004.



5. **Pípatau, þjöttlugangur og diggadaríum**
– **sýning um Lárus Ingólfsson**
í Þjóðmenningarhúsi 22. 11. 2005.



6. **Mozart óperur á Íslandi**
Sýning í samstarfi við Þjóðmenningarhúsið 27. 1. 2006.



7. **Við krefjumst fortíðar**
– **Svart og sykurlaust**
Sýning í Gallerí Húmar eða frægð Kjörgarði 24. 2. 2006.




8. **Leikbrúður**
Jóns E. Guðmundssonar
Sýning í fordyri Borgarleikhússins 10. 2. 2006.



9. **Sýning um feril Helga Tómassonar**
í anddyri Borgarleikhússins á Listahátíð 16. 5. 2007.

10. **Brúðulistahátíð tileinkuð Jóni E. Guðmundssyni**
Sýning í Heilsuverndarstöðinni á Menningarnótt 18. 8. 2007.

11. **Leiklist á Akureyri**
Sýning í Amtsbókasafninu 2. 2. 2008.



12. **Leiklist norðanlands**
Sýning í Laxdalshúsi á Akureyri 28. 6. 2008.



13. **Sigurður málari**
Sýning um Sigurð málara á Vetrarhátíð í samstarfi við Höfuðborgarstofu 13. 2. 2009.



14. **Kvosin – vaggja leiklistar**
Sýning í Aðalstræti 10 á Vetrarhátíð 13. 2. 2009.



15. **Brúður Jóns E. Guðmundssonar**
Sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur á Vetrarhátíð 13. 2. 2009.



16. **Einleikir á Íslandi**
Sýning í Haukadal í Dýrafirði í samstarfi við Kómedíuleikhúsið 16. 8. 2009



17. **Leiklistin og hafíð**
Sýning í sjómínjasafninu Víkinni, 20. 2.2010.



18. **Leiklist í Hafnarfirði**
Sýning í Gúttó í samstarfi við Byggðasafn Hafnarfjarðar. 4. 6. 2010.



19. **Sviðsmyndir og sjónhverfingar – Leikmyndir Steinþórs Sigurðssonar.** Sýning í lönó 6. 11. 2011.



20. **Vestfirsk leiklist**
Kynningarsýning í félagsheimilinu á Suðureyri í samstarfi við Act Alone 9. 8. 2012.

21. **Thorbjörn Egner 100 ára.** Sýning í Þjóðarþóklöðu í samstarfi við Landsbókasafn 12. 12. 2012.

22. **Vestfirsk leiklist**
Sýning í Gamla sjúkrahúsinu – Safnahúsi Ísafjarðar í samstarfi við Safnahúsið og Kómedíuleikhúsið 2. 2. 2013.

